

Fundargerð 129. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 3. apríl 2018, kl. 09.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Kauptilboð í Grænásbraut 720*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboðsferli í Grænásbraut 720. Fyrir liggur eitt tilboð í fasteignina frá Gagnavörslunni ehf. að upphæð kr. 360.000.000.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að gera gagntilboð til Gagnavörslunnar ehf.

3. *Umsókn um lóð að Bogatröð 5.*

Framkvæmdastjóri fór yfir umsókn um lóð að Bogatröð 5 frá Ásgeiri Gunnarssyni. Þar sem stjórn hefur ákveðið að auglýsa lóðir á athafnasvæðinu á Ásbrú var umsókn Ásgeirs hafnað og framkvæmdastjóra falið að upplýsa Ásgeir um að sækja um lóðina eftir að hún hefur verið auglýst.

4. *Umsókn um lóð að Vogshóli 10.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn frá Borealis Data Center um lóðina að Vogshóli 10 á Fitjum. Stjórn samþykkti að úthluta lóðinni til Borealis Data Center með skilyrðum.

5. *Erindi Heimavalla XIII ehf. og Heimavalla XVI ehf. um breytingu á lóðum við Skógarbraut 1104- 1114.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi Heimavalla um stækkun bílastæða á lóðum Skógarbrautar 1104-1114. Stjórn ákvað að gera ekki athugasemdir við umrædda beiðni á nýtingu lóðanna svo framarlega sem sú breyting væri í samræmi við tillögu Heimavalla að breyttu lóðarblaði sem lagt var fram með beiðninni ásamt því að breytingin yrði gerð í sátt við íbúa umræddra fasteigna.

6. *Fjárhagslegt uppgjör Kadeco og tengd málefni.*

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagslegt uppgjör Kadeco við ríkissjóð.

7. Önnur mál.

Keilir.

Stjórn fjallaði um málefni Keilis.

Næsti fundur verður haldinn þann 24. apríl 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.20

Lögfrýsja  
Guðmundur Þorvaldur  
Hafsi S. Kels